

Bókun bæjarfulltrúa Samfylkingar og Framsóknar og frjálsra vegna ársreiknings Akraneskaupstaðar 2020

Á rekstrarárinu 2020 skilar Akraneskaupstaður rúmlega 133 milljón króna rekstrarafgangi sem er um 177 milljón króna lakari niðurstaða en upphafleg fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir en 105 milljónum betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun með viðaukum.

Árið 2020 var afar óvenjulegt ár vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar og neikvæð fjárhagsleg áhrif heimsfaraldursins á rekstur Akraneskaupstaðar eru metin á 275 milljónir króna. Þessi áhrif felast m.a. í endurgreiðslu á þjónustugjöldum vegna skerðingar á þjónustu, lækkun útsvarstekna, frestun á innheimtu fasteignagjalda og annarra tekna auk þess sem aukning varð á útgjöldum á ýmsum sviðum, eins og í útgreiðslu húsnæðisbóta og í öðrum félagslegum stuðningi.

Þegar litið er til þessara staðreynda þá er sá ársreikningur sem hér er lagður fram mikill varnarsigur fyrir okkur sem erum í bæjarstjórn. Sérstaklega vegna þess að við vorum sammála um að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir í upphafi heimsfaraldursins með það að markmiði að vernda og verja þau fyrirtæki, heimili og félagasamtök í samfélaginu okkar sem urðu fyrir hvað mestum skakkaföllum, þó það myndi þýða lakari rekstrarafkomu um tíma.

Laun og launatengd gjöld hafa hækkað um 500 milljónir milli ára, sem er um 10% hækkun, en hins vegar kemur fram í skýringum í ársreikningi að ef litið er til sömu hækkunar reiknaðrar í krónum pr. íbúa, þá hækkar þessi liður um 8%. Þetta er mikilvægt að rýna vel og verður skoðað í þeirri fjármálagreiningu sem KPMG mun vinna að fyrir kaupstaðinn á næstu vikum.

Skatttekjur í krónum pr. íbúa lækka á milli ára, en við höfum átt því að venjast síðustu árin að þessi stærð hækki um 3-8% frá ári til árs.

Skuldir Akraneskaupstaðar lækka og einnig lífeyrisskuldbinding. Í fyrsta sinn í allmörg ár fara afborganir af lífeyrisskuldbindingum lækkandi. Þessi sterka staða er okkur afskaplega mikilvæg til að halda áfram þeirri stórfelldu uppbyggingu innviða sem er nú þegar í gangi hér á Akranesi.

Áhyggjuefni er að Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili er rekið með tapi á árinu 2020. Samkvæmt greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila í landinu þá var rekstrartap hjúkrunarheimila sem rekin eru á daggjöldum 3,5 milljarðar á árunum 2017 – 2019 og á árinu 2019 voru 87% heimilanna rekin með tapi. Samkvæmt greiningunni nær þessi erfiða staða bæði til heimila sem rekin eru af sveitarfélögum og einnig til heimila sem rekin eru sem sjálfseignastofnanir. Það er því ljóst að öll hjúkrunarheimili sem fá daggjaldagreiðslur frá ríkinu eiga við rekstrarvanda að stríða, hvert sem rekstarform hjúkrunarheimilanna sjálfra er. Vandinn liggur í því að daggjöldin sem ríkið skammtar í reksturinn eru ekki í tengslum við raunveruleikann.

Ánægjuefni er þó að á dögnum kom til leiðrétting á daggjöldum til Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis sem fól í sér auknar tekjur upp á 28 milljónir

króna á árinu 2021. En betur má ef duga skal. Ríkið þarf að koma enn betur að og leiðréttu hlut hjúkrunarheimila og það er með engu móti ásættanlegt að bíða með þá leiðréttingu fram á næsta ár.

Full ástæða er einnig til að líta sérstaklega til rekstrarafkomu ársins hvað varðar málefni fatlaðra. Á árinu 2020 er rekstrarniðurstaða málaflokksins neikvæð sem nemur 228 m.kr, sem er 97 m.kr. meira tap en á árinu 2019. Þessi mikla niðursveifla helgast af því að á milli árána 2019 og 2020 aukast útgjöld í þessum málaflokki um 45 m.kr. en á sama tíma minnka tekjur í málaflokki um 52 m.kr., fyrst og fremst vegna niðurskurðar á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sú aðgerð ríkisstjórnarinnar að beita niðurskurði á Jöfnunarsjóði sem einni af aðferðunum til að rétta af ríkisreksturinn hefur þannig haft bein áhrif til útgjaldaaukningar í rekstri Akraneskaupstaðar á þjónustu við fatlað fólk.

Þetta er áframhald af þeirri þróun sem verið hefur á rekstri málefna fatlaðra hjá Akraneskaupstað, en allt frá árinu 2013 hefur rekstrarhalli málaflokksins aukist ár frá ári, með örfáum undantekningum. Uppsafnað rekstrartap Akraneskaupstaðar af málefnum fatlaðra, frá tilfærslu frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011, er 609 milljónir króna. Þeirri upphæð hefur Akraneskaupstaður varið á þessu tímabili, til rekstrar á málaflokki sem samkvæmt öllu ætti að vera að fullu fjármagnaður af ríkissjóði. Í ljósi þessa teljum við bæjarfulltrúar Samfylkingar og Framsóknar og frjálsra fulla ástæðu til þess að gerð verði allsherjar úttekt á rekstri málefna fatlaðra hjá sveitarfélögum, á svipaðan hátt og gert var varðandi rekstrarkostnað hjúkrunarheimila og birtist í skýrslu sem kom út í síðustu viku.

Þegar á heildina er litið, og þrátt fyrir erfiðleika í rekstri þeirra málaflokka sem hér hafa sérstaklega verið nefndir, þá er fjárhagsstaða Akraneskaupstaðar sterk. Vegna styrkrar fjármálastjórnar höfum við komist styrkum fótum í gegnum óvenjulega tíma á meðan heimsfaraldur kórónaveiru hefur gengið yfir. Við sjáum nú vonandi fram á hefðbundnara árferði með hækkingu söl, þó við þurfum að vera viðbúin því að áhrifa faraldursins, beinna og óbeinna, haldi áfram að gæta fram eftir þessu ári.